



FJÖLMIÐLANEFND

Reykjavík 3. mars 2017
Ákvörðun nr. 3/2017

Brot Ríkisútvarpsins á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun viðskiptaboða fyrir Egils Gull á RÚV í júní 2016.

I. Málsvik

1. Kvörtun Foreldrasamtaka gegn auglýsingum í maí 2016 og ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 7/2016

Þann 24. maí 2016 barst fjölmiðlanefnd kvörtun Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum þar sem fram kom að samtökin teldu RÚV ennþá vera að sýna áfengisauglýsingu fyrir vörumerkið Egils Gull, þá sömu og var andlag ákvörðunar 2/2016.¹ Í kvörtuninni kom fram að foreldrasamtökin teldu auglýsinguna hafa verið sýnda á RÚV þann 24. maí 2016.

Með erindi dags. 3. júní 2016 óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu þess efnis hvort áður nefnd auglýsing fyrir Egils Gull eða önnur viðskiptaboð fyrir áfengi hefðu verið sýnd á RÚV þann 24. maí eða eftir 11. mars 2016. Sérstaklega var spurt um tímabilið eftir 11. mars í ljósi þess að í ákvörðun 2/2016, sem birt var 11. mars 2016, komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að með miðlun tiltekinnar auglýsingar á Egils Gulli á RÚV hafi Ríkisútvarpið brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Hafði Ríkisútvarpinu verið gert að greiða 250.000 kr. stjórnvaldssekt af þeim sökum.

Í áður nefndu erindi fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins 3. júní 2016 var á það bent að birting þessara tilteknu viðskiptaboða fæli að mati nefndarinnar í sér ítrekað brot á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla, með vísan til ákvörðunar 2/2016. Í erindi fjölmiðlanefndar var jafnframt óskað

¹ Ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 er aðgengileg [á vef fjölmiðlanefndar](#).



FJÖLMÍÐLANEFND

eftir upplýsingum um það til hvaða ráðstafana RÚV hefði gripið til að hindra að brot, sambærileg því sem um var fjallað í ákvörðun 2/2016, yrðu endurtekin af hálfu félagsins.

Fram kom í svörum RÚV þann 23. júní 2016 að annars konar viðskiptaboð fyrir Egils Gull hefðu farið í sýningu 24. maí og færu þau ekki í bága við 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Því til sönnunar lagði RÚV fram afrit af viðskiptaboðunum, sem voru vissulega annarar tegundar en þau sem fjallað var um í ákvörðun 2/2016. Í kjölfarið sendi starfsmaður fjölmiðlanefndar fyrirspurn til Ríkisútvarpsins og spurði hvort öruggt væri að fjölmiðlanefnd hefði fengið rétt afrit í hendur, þar sem að þau viðskiptaboð sem fjallað var um í ákvörðun 2/2016 virtust hafa verið sýnd þann 3. júní 2016 eða eftir umræðuþáttinn *Baráttan um Bessastaði*. Bárust þá þau svör frá RÚV að við nánari eftirgrennslan hafi komið í ljós að viðskiptaboð fyrir Egils Gull, hin sömu og fjallað var um í ákvörðun 2/2016, hefðu farið í birtingu, sem skrifaðist á mannleg mistök. Um væri að ræða kostunarstiklu sem merkt væri heitinu Golfari og hefði upphaflega borist RÚV árið 2014 en kostunarstiklur og auglýsingar væru ekki vistaðar í sama kerfinu innanhúss. Kostunarstiklan hefði farið í birtingu fyrir mistök í júní 2016, að beiðni Golfsambands Íslands, vegna samstarf Ríkisútvarpsins og Golfsambandsins þá um sumarið.

Fjölmiðlanefnd sendi Ríkisútvarpinu frummat nefndarinnar þann 8. júlí 2016 þar sem fjölmiðlanefnd komst að þeirri niðurstöðu að fyrrnefnd kostunarstikla fyrir Egils Gull teldist til viðskiptaboða fyrir áfengi með yfir 2,25% áfengismagn, að Ríkisútvarpið hefði brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla og að um ítrekað brot væri að ræða. Varðandi tímasetningu miðlunar var í frummati nefndarinnar vísað til dagsetninganna, 24. maí og 3. júní.

Í svari Ríkisútvarpsins dags. 22. júlí sagði:

Í erindi fjölmiðlanefndar kemur fram sú afstaða að kostunarstikla sú, sem um ræðir, og sýnd var 3. júní 2016, sé sambærileg þeirri sem var andlag ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 frá 11. mars sl. RÚV gerir ekki efnislega athugasemd við mat fjölmiðlanefndar á sambærileika umræddra viðskiptaboða. RÚV hefur á hinn bóginn þegar útskýrt fyrir fjölmiðlanefnd, og lagt fram gögn því til stuðnings, að þetta skrifist á mannleg mistök og óskað þess að unnt sé að ljúka málinu á slíkum grunni, þ.e. að RÚV gangist við þessum mistökum án þess að til stjórnvaldssektar þurfi að koma, sbr. einnig almennar meðalhófsreglur.

Fram kom í svörum Ríkisútvarpsins dags. 22. júlí að þeir starfsmenn RÚV sem hafi með umrædd mál að gera, þ.m.t. birtingastjóri, væru meðvitaðir um fyrirliggjandi ákvörðun fjölmiðlanefndar 2/2016 og leitust við að tryggja að ekki birtust viðskiptaboð sem færu í bága við efni hennar.

Jafnframt sagði í bréfi Ríkisútvarpsins:

Hefur sú líka verið raunin, að RÚV telur, með þeirri undantekningu sem hér um ræðir sem skrifast á mannleg mistök sem áður segir.



FJÖLMIÐLANEFND

2.

Með vísan til fyrstu svara Ríkisútvarpsins var það skilningur fjölmiðlanefndar að kostunarstikla fyrir Egils Gull, þar sem vísað er til verðlauna World Beer Awards 2011, hefði verið sýnd 24. maí og 3. júní. Verðlaun þessi voru veitt Egils Gull bjór með 5% áfengisinnihaldi árið 2011. Var sá misskilningur ekki leiðréttur af hálfu Ríkisútvarpsins við meðferð málsins, þrátt fyrir að andmælaréttar Ríkisútvarpsins væri gætt að fullu með því að Ríkisútvarpið fékk í hendur frummat fjölmiðlanefndar vegna málsins áður en ákvörðun 7/2016 var birt. Eftir birtingu hennar kom Ríkisútvarpið því á framfæri að hin ólögmæta auglýsing hefði ekki birst 24. maí, heldur 3. júní. Fjölmiðlanefnd gerði grein fyrir leiðréttingum og efnislegum athugasemdum Ríkisútvarpsins, hvað dagsetningar varðaði, í sérstakri athugasemd sem birt var samhliða ákvörðun 7/2016 á vef nefndarinnar.

Þann 26. ágúst sl. óskaði Ríkisútvarpið eftir endurupptöku málsins á grundvelli þess að í ákvörðun 7/2016 kæmi fram að hin ólögmæta auglýsing hefði birst 24. maí og 3. júní á RÚV þótt önnur og lögmæt auglýsing fyrir Egils Gull léttöl hafi verið sýnd 24. maí. Taldi Ríkisútvarpið að ráða mætti af orðalagi ákvörðunar fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hefði þrátt fyrir birtingu ólögmætrar auglýsingar þann 24. maí, sem væri rangt. Einnig kom fram í erindi Ríkisútvarpsins að eftir því sem RÚV skildist hefði Ölgerðin komið þeim upplýsingum til fjölmiðlanefndar, áður en ákvörðun 7/2016 var tekin, að varan væri nú framleidd á markaði. Væri þar átt við Egils Gull léttöl, með 2,25% áfengisinnihaldi, í glerflöskum en í áður nefndum viðskiptaboðum má sjá myndskreið af drykk í slíkum umbúðum.

Með vísan til 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 taldi fjölmiðlanefnd sér ekki heimilt að breyta vísunum til dagsetninga í ákvörðuninni sjálfri, í samræmi við athugasemdir Ríkisútvarpsins, þar sem þær hefðu komið fram eftir að ákvörðunin var birt og auk þess lotið að efni ákvörðunar en ekki formi hennar. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun, enda tilkynni stjórnvaldið aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hafa endurrit af ákvörðuninni nýtt endurrit í té. Í skýringum við frumvarp það sem varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 segir að misritun á orði, nafni eða tölu og reikningsskekkju séu dæmi um bersýnilegar villur er varði form ákvörðunar. Heimildin taki hins vera ekki til leiðréttinga á efni ákvörðunar, t.d. ef efni ákvörðunar er rangt vegna ónógra upplýsinga um málsatvik.

Var það niðurstaða fjölmiðlanefndar að athugasemdir RÚV vegna dagsetningar brota, þ.e. að hinni ólögmætu auglýsingu hefði ekki verið miðlað 28. maí heldur 3. júní, hefðu ekki haft afgerandi áhrif við ákvörðun málsins, þótt þær hefðu legið fyrir við úrlausn þess hjá nefndinni. Aukinheldur hafi þau meginrök sem á var byggt í ákvörðun 2/2016 verið fyrir hendi þegar ákvörðun 7/2016 var tekin og tilkynnt Ríkisútvarpinu, þar sem að í kostunarstiklu þeirri sem sýnd var á RÚV 3. júní 2016 hafi verið vísað til verðlauna World Beer Awards 2011 sem Egils Gull með 5% áfengisinnihaldi hafi hlotið.



FJÖLMÍÐLANEFND

Í erindi Ríkisútvarpsins frá 26. ágúst sl. benti Ríkisútvarpið á að upptökur og skráningar af dagskránni væru aðgengilegar aftur í tímann hjá auglýsingastofum og rannsóknaraðilum á borð við Gallup, ABS og Birtingahúsið. Sjálfstæð athugun fjölmiðlanefndar á því hvernig auglýsingar og kostanir birtust væri því auðveld í framkvæmd, að mati Ríkisútvarpsins.

II. Nýjar upplýsingar og ný málsmeðferð

1.

Fjölmiðlanefnd óskaði þann 21. september sl. eftir upplýsingum frá ABS-fjölmiðlahúsi um birtingar á tilteknum viðskiptaboðum fyrir Egils Gull á RÚV og var ABS-fjölmiðlahúsi sent afrit af kostunarstiklu þeirri sem birt hafði verið á RÚV þann 3. júní 2016, undir formerkjum Golfsambands Íslands, merkt „Golfari“. Tekið var fram að óskað væri upplýsinga um sams konar viðskiptaboð, þ.e. kostunarstiklur sem vísuðu m.a. til verðlauna World Beer Awards 2011. Óskað var eftir upplýsingum fyrir tímabilið 21. maí-30. júní 2016 en upplýsingar vegna eldri birtinga voru ekki aðgengilegar.

Niðurstöður ABS-fjölmiðlahúss bárust fjölmiðlanefnd 23. september sl. Samkvæmt þeim voru hin tilteknu viðskiptaboð fyrir Egils Gull sýnd alls tólf sinnum á RÚV í júní, sbr. eftirfarandi dags- og tímasetningar. Innihéldu allar þessar auglýsingar vísanir til World Beer Awards 2011:

1. júní 2016, kl. 20:25:56
2. júní 2016, kl. 20:25:27
3. júní 2016, kl. 17:36:55 og kl. 22:38:31
4. júní 2016 kl. 20:39:54
5. júní 2016, kl. 21:21:43
6. júní 2016, kl. 22:48:52
9. júní 2016, kl. 21:37:51
10. júní 2016, kl. 23:28:03
11. júní 2016, kl. 22:11:38
13. júní 2016, kl. 23:05:21
19. júní 2016, kl. 20:34:22

Niðurstöður ABS-fjölmiðlahúss staðfestu með öðrum orðum að Ríkisútvarpið birti umrædd viðskiptaboð fyrir Egils Gull alls tólf sinnum í júní eða dagana 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 19. júní 2016 en auglýsingin var sýnd í tvígang þann 3. júní 2016. Hvergi í málatilbúnaði Ríkisútvarpsins, hvorki við meðferð máls þess sem leiddi til ákvörðunar nr. 7/2016, né í beiðni Ríkisútvarpsins um endurupptöku málsins, komu þessar upplýsingar fram.



FJÖLMIÐLANEFND

2.

Ríkisútvarpið var upplýst um niðurstöður ABS-fjölmiðlahúss með bréfi dags. 3. október 2016. Í bréfi fjölmiðlanefndar kom jafnframt fram að í ljósi nýrra upplýsinga væri það mat fjölmiðlanefndar að hefja yrði nýtt mál vegna meintra, ítrekaðra brota Ríkisútvarpsins gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum og sjónarmiðum Ríkisútvarpsins vegna hinna meintu brota dagana 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 19. júní 2016 og vegna meintra brota félagsins gegn 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla. Þess var óskað að upplýsingar þessar bærust fjölmiðlanefnd fyrir 14. nóvember sl.

Í kjölfarið óskaði Ríkisútvarpið eftir fundi með fjölmiðlanefnd. Á fundinum lýstu fulltrúar RÚV þeim sjónarmiðum að félagið teldi sig ekki hafa veitt fjölmiðlanefnd rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hvað varðar framangreint, heldur hafi fyrirspurn fjölmiðlanefndar þar að lútandi einfaldlega aldrei verið svarað af hálfu Ríkisútvarpsins. Ítrekað var af hálfu Ríkisútvarpsins að auglýsingastjóri RÚV hafi staðið í þeirri trú að hinni ólögmætu auglýsingu hefði verið eytt að fullu úr auglýsingakerfi RÚV eftir að ákvörðun 2/2016 var birt. Fyrir mistök hafi henni hins vegar ekki verið eytt úr þeim hluta kerfisins þar sem kostunarstiklur væru vistaðar. Einnig kom fram að auglýsingastjóri og skrifstofustjóri Ríkisútvarpsins hefðu verið staddir erlendis í júní og ekki vitað af miðlun viðskiptaboðanna eða verið í aðstöðu til að verða hennar varir, ella hefði miðlun hinna ólögmætu viðskiptaboða eflaust verið stöðvuð. Hafi það raunar verið starfsmenn Ölgerðarinnar sem áttuðu sig fyrstir á því að sýningar á hinni ólögmætu auglýsingu fyrir Egils Gull hefðu hafist að nýju á RÚV og hafi þeir tilkynnt Ríkisútvarpinu um það.

3.

Í erindi fjölmiðlanefndar dags. 13. desember 2016 fór nefndin yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla og 1. mgr. 12. gr. sömu laga. Fram kom það frummat nefndarinnar að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með áðurnefndum tólf sýningum á kostunarstiklu fyrir Egils Gull á RÚV í júní 2016. Hafi kostunarstiklan í öllum meginatriðum var sambærileg þeirri auglýsingu er var andlag ákvörðunar 2/2016 og sem fjölmiðlanefnd taldi fara í bága við ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Þá kom jafnframt fram það frummat fjölmiðlanefndar að upplýsingagjöf Ríkisútvarpsins hefði ekki verið í samræmi 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla þar sem veittar hefðu verið ófullnægjandi upplýsingar við meðferð máls þess er lyktaði með ákvörðun 7/2016. Í erindi fjölmiðlanefndar sagði að nefndin vildi gefa Ríkisútvarpinu frekara færi á að koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanleg brot Ríkisútvarpsins á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Bent var á að niðurstaða fjölmiðlanefndar fæli í sér frummat nefndarinnar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn fyrrnefndum lagaákvæðum. Þær ályktanir sem settar væru



FJÖLMÍÐLANEFND

fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Ríkisútvarpsins tilefni til þess. Þá óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum um tekjur Ríkisútvarpsins vegna framangreindra viðskiptaboða sem talin voru kunna fela í sér brot á ákvæðum laga um fjölmiðla en samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laganna skal við ákvörðun sektar m.a. taka mið af tekjum fjölmiðlaveitu af broti. Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 4. janúar 2017.

Svar Ríkisútvarpsins barst með bréfi dags. 17. janúar 2017. Þar sagði m.a. að í ljósi fyrri ákvarðana fjölmiðlanefndar, þ. á m. ákvörðunar nefndarinnar nr. 7/2016 og með tilliti til þess að nefndin hafi ekki talið ástæðu til endurupptöku þeirrar ákvörðunar, sjái RÚV ekki ástæðu til að gera ágreining við frummat fjölmiðlanefndar á því að umrædd viðskiptaboð hafi farið í bága við 4. mgr. 37. gr. laga nr. 38/2011. RÚV hafi, svo sem fyrir hafi komið fram, gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig.

Þá kom fram í svari Ríkisútvarpsins, að því er varðaði hina meintu vanrækslu á upplýsingaskyldu, að RÚV vildi áréttta að enginn ásetningur hafi staðið til þess, og svo sem nánar hafi verið útskýrt á fundi fulltrúa RÚV með fjölmiðlanefnd.

III. Niðurstaða

Í 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla segir að óheimil séu viðskiptaboð og fjarkaup fyrir tóbaksvörur og áfengi, sem og happdrættis og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Sama gildir um viðskiptaboð um lyfseðilsskyld lyf, eins og kveðið er á um í lyfjalögum. Fullyrðingar sem fram koma í viðskiptaboðum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þarf að vera hægt að færa sönnur á.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að markmið reglu 4. mgr. 37. gr. sé meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á tóbaksvörum og áfengi. Þannig sé tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings. Þá kemur einnig fram í greinargerðinni að í frumvarpinu séu tekin af öll tvímæli um að þær óáfengu drykkjarvörur sem verið er að auglýsa séu sannarlega á markaði fyrir neytendur. Sé átt við drykki sem hafi minna en 2,25% áfengisinnihald.

Að mati fjölmiðlanefndar var í viðskiptaboðum fyrir Egils Gull, sem sýnd voru á RÚV 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 19. júní 2016, vísað til vörutegundar sem hefur 5% en ekki 2,25% áfengisinnihald, fyrst og fremst með því að vísað var til verðlauna World Beer Awards árið 2011 þar sem Egils Gull með 5% áfengisinnihaldi hlaut verðlaun, sbr. upplýsingar á vef World Beer Awards. Um lýsingar á efnislegu innihaldi og framsetningu viðskiptaboðanna er að öðru leyti vísað til ákvörðunar 7/2016.²

² [Ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 7/2016](#) og athugasemdir fjölmiðlanefndar við hana.



FJÖLMIÐLANEFND

Á grundvelli alls framangreinds er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með tólf sýningum á kostunarstiklu fyrir Egils Gull á RÚV í júní 2016. Hafi kostunarstiklan, sem í öllum meginatriðum var sambærileg auglýsingu þeirri er var andlag ákvarðana nr. 2/2016 og 7/2016, verið sýnd alls tólf sinnum dagana 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 19. júní 2016. Ríkisútvarpið hefur þegar greitt stjórnvaldssekt fyrir sýningu stíklunnar þann 3. júní.

Í 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlanefnd geti krafist fjölmiðlaveitur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum laganna og skuli slíkar upplýsingar og gögn þá veitti innan hæfilegs frests sem nefndin setur.

Fjölmiðlanefnd telur fyrirbyggjandi gögn í málinu sýna fram á að Ríkisútvarpið hafi látið undir höfuð leggjast að upplýsa nefndina með fullnægjandi hætti og hafi með því vanrækt upplýsingaskyldu sína til nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 12. gr. Hafi vanræksla Ríkisútvarpsins leitt til þess að byggt var á ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 7/2016. Hafi það meðal annars haft áhrif á ákvörðun um viðurlög vegna hinna ítrekuðu brota en við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Fjölmiðlanefnd hefur þó ekki ástæðu til að ætla að upplýsingum hafi verið vísitandi leynt fyrir nefndinni, enda hafa starfsmenn Ríkisútvarpsins gert grein fyrir því að um mannleg mistök hafi verið að ræða.

Á grundvelli alls framangreinds er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að með sýningu á kostunarstiklu fyrir Egils Gull sem miðlað var á RÚV dagana 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 19. júní 2016 hafi RÚV brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Þá er það jafnframt niðurstaða fjölmiðlanefndar að upplýsingagjöf Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar hafi ekki verið fyllilega í samræmi við 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan til þeirrar efnislegu niðurstöðu nefndarinnar að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Ríkisútvarpið í samræmi við 1. og 4. mgr. 54. gr. laganna. Telur fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 600.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af eðli brots og ávinnings af því.



FJÖLMÍÐLANEFND

IV. Ákvörðunarorð

Ríkisútvarpið braut gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með birtingu viðskiptaboða fyrir Egils Gull á RÚV dagana 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 19. júní 2016.
Ríkisútvarpið greiði 600.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Ingvi Hrafn Óskarsson

Arna Schram

Salvör Nordal

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson